


Erindi: Smyrlahraun 41a leikskólalóð, málsnr. 1801074

Bæjarráð samþykkti þann 14.3.2020 að í stað byggingar leikvallar/leikskóla á lóðinni yrði byggður búsetukjarni fyrir fatlað fólk og vísaði til afgreiðslu umhverfis- og skipulagssviðs. Fjölskylduráð óskaði eftir lóðinni fyrir búsetukjarna þann 14.9.2018. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa þann 6.10.2020 að vinna áfram að málinu. Lögð fram tillaga að skipulagsferli.

Samkvæmt ASH 2013-2025 er umrædd lóð á skilgreindum landnotkunarflokki S9 (samfélagsþjónusta)



Hlutamynd úr ASH 2013-2025

Um landnotkunarflokk S segir í greinagerð ASH 2013-2025:

2.2.4 Samfélagsþjónusta

Almenn ákvæði:

Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi eða íbúðum á þessum svæðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum.

Með vísan til framangreindrar skilgreiningar í ASH 2013-2025, er ljóst að samþykkt bæjarráðs frá 14.03.2020 kallar á breytingu á ASH 2013-2025.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi reitsins er gert ráð fyrir leik-/gæsluvelli á umræddri lóð. Breyta þarf því einnig gildandi deiliskipulag.



HAFNARFJÖRÐUR

Ríkjandi samfélagsleg sjónarmið eru almennt að búsetuúrræði af þeim toga sem hér um ræðir skulu vera innan íbúðarsvæða. Umrædd lóð er á milli tveggja raðhúsalóða, og hefur góðar umferðartengingar um Smyrlahraun. Því er lagt til að skipulags- og byggingarráð samþykki að visa umræddri aðlaskipulagsbreytingu til Bæjarsstjórnar til samþykktar samanber 36. gr skipulagslaga. Skoða skal sérstakleg hvort málsmeðferð geti verið samkvæmt 2. mgr sömu greinar.

Þormóður Sveinsson Skipulagsfulltrúi.